

Alþingi
Erindi nr. P 125/1293
komudagur 28.3.2000
Reykjavík, 24. mars 2000.

Menntamálanefnd Alþingis.

Umbeðin umsögn undirritaðs vegna frumvarps til laga um lögleiðingu ólympískra hnefaleika er eftirfarandi:

Á grundvelli þeirra gagna sem ég hef nú í höndum mæli ég með lögleiðingu ólympískra hnefaleika að því tilskyldu að reglur um þær taki mið af ströngustu kröfum sem settar eru erlendis um öryggi og heilsu iðkendanna og viðurlögum við brotum á þeim, s. s. vegna misnotkunar á kunnáttu utan æfinga- og keppnisstaða.

Ég mæli með því að af hálfu stjórnvalda og íþróttahreyfingarinnar verði komið á fót samstarfi um það að samræma reglur um iðkun íþróttanna þannig að mismunandi íþróttagreinar sitji við sama borð hvað snertir mat á öryggi keppenda og heilsu þeirra. Fylgst verði náið með þróun þeirra mála erlendis þannig að Íslendingar geti verið í fararbroddi þeirra þjóða sem huga best að sem heilsusamlegastri iðkun íþróttanna.

Rök fyrir þessu svári mínu eru eftirfarandi:

1.

Bann við ólympískum hnefaleikum mismunar íþróttagreinum. Síðan 1956 hafa ýmsar bardagaíþróttir haldið innreið sína á Íslandi átölulaust, og má þar nefna karate, judo, tæ kvan do og jít kúna do, sem heitir reyndar á ensku kick box eða sparkhnefaleikar. Í jít kúna do er barist með hnefaleikaglófum eins og venjulegum hnefaleikum en einnig eru leyfð spörk.

2.

Hvergi í heiminum eru ólympískir hnefaleikar bannaðir nema á Íslandi. Atvinnuhnefaleikar eru hins vegar bannaðir í nokkrum löndum.

Ástæðan er sú að fyrir tilstuðlan sérstaks búnaðar og reglna eru meiðsli í ólympískum hnefaleikum aðeins brot af því sem eru í atvinnuhnefaleikum og minni en í ýmsum vinsælum íþróttagreinum s.s. knattspyrnu, körfubolta, handbolta og ísknattleik.

Þeir hnefaleikar sem bannaðir voru á Íslandi 1956 voru með sama formi og atvinnuhnefaleikar eru nú. Sjálfsagt er að það bann gildi áfram.

framh.

3.

Læknisfræðilegar rannsóknir sem gengist var fyrir af opinberri hálfu í Kanada og Svíþjóð til þess að kanna hvort banna ætti ólýmpíska hnefaleika leiddu ekki ljós ástæðu til þess.

Hins vegar hafa læknisfræðileg rök ráðið því að atvinnuhnefaleikar eru bannaðir. Niðurstöður rannsókna á ólýmpískum hnefaleikum hafa hvergi leitt til þess að þeir væru bannaðir. Erlendis fara ólýmpískir hnefaleikar fram undir strangara læknisfræðilegu eftirliti en nokkur önnur íþróttagrein.

4.


Nokkur ákvæði bannlaganna frá 1956 eru að mínum dómi fáránleg og óhæf. Þau gera það til dæmis refsivert að eiga eða handleika hnefaleikaglófa. Hluti af líkamsrækt undirritaðs, sem hann stundar í klukkustund tvisvar í viku, er það að dansa í einrúmi með hnefaleikaglófa á höndum í kringum hangandi sekk í nokkrar lotur og líkja eftir hnefaleikum. Þetta er sannanlega einhver heilsusamlegasta líkamsæfing sem völ er á. Fyrir þetta telst ég samt álíka brotamaður og að ég ætti og notaði ólögleg fíkniefni og er óneitanlega skondið að hið háa Alþingi skuli gera menn að sakamönnum fyrir jafn litlar sakir og leita þó álits hjá einum af sakamönnum!

Samkvæmt eina lögfræðilega álitinu sem lagaprófessor hefur gefið um bannlögin frá 1956 er auk þess saknæmt að sýna hnefaleika í kvikmyndahúsum og sjónvarpi. Það þýðir að sýning hinnar rómuðum myndar um hnefaleikarann "Hurricane" er lagabrot svo og sýningar á á sínum tíma á Raging bull og Rockymyndunum og öllum þeim köflum í kvikmyndum þar sem hnefaleikar sjást. Kvikmyndaeftirlit ríkisins er samkvæmt þessu samsekt vegna þess að það hefur ekki látið banna þessar myndir eða klippa út þessa kafla.

Auk þess telur lagaprófessorinn sýningar sjónvarpsstöðvarinnar Sýnar á hnefaleikum brot á lögnum og er undirritaður væntanlega samsekur í því!

Ég hef haft samráð um þessa umsögn við aðila sem teljast hafa brotið lögin frá 1956 og eru því í óhægri aðstöðu til að gefa umsögn undir nafni þótt leitað sé eftir. Einn þeirra hefur staðið fyrir iðkun svonefnds aerobox eða þolhnefaleika sem er sambland af þolfimi og hnefaleikum án þess að iðkendur berjist hvor við annan. Er hart við það það búa ef slíkt telst brot á bannlögunum.

Ég bið háttvirta menntamálanefnd að ihuga hvort lögin frá 1956 séu hinu háa Alþingi sæmandi og hvort ekki sé hægt að færa þau til nútímalegs horfs svo að sannanleg heilsubót sem engan meiðir, líkt og ég stunda, verði ekki lengur talið refsivert athæfi.


Ómar Þ. Ragnarsson.
Fréttamaður.